

Gegn mótmælum stefnds er ekki unnt að taka til greina þá staðhæfingu stefnanda, að bifreiðin hafi að tilhlutun váttryggingarfélagssins, staðið óhreyfð til 5. janúar 1943, og verður því einungis tekið tillit til þeirra tekna, er ætla má, að stefnandi hefði haft þann tíma, er viðgerðin telst að hafa tekið, eftir því sem ráða má af yfirmatsgerðinni. Þess ber þó að gæta, að stefnandi var maður heilsuveill og bifreið hans gömul, þannig að gera má ráð fyrir nokkrum frátöfum af þeim sökum. Með tilliti til þessa, svo og ahnars þess, sem fram er komið í málinu um atvinnutekjur bifreiðarstjóra, þykja bætur fyrir atvinnutjón stefnanda af árekstrinum hæfilega ákveðnar kr. 1800.00.

Um 3. Þar sem aðiljar hafa fallizt á, að þessi kostnaður verði talinn með í tjóni af árekstrinum, verður að taka þenna lið til greina.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða  $\frac{3}{4}$  hluta af kr. 7797.48 (5465.84 + 1800.00 + 81.64 + 450.00) að frádregnum yfirmatskostnaðinum kr. 450.00, er stefnandi hefur greitt, eða kr. 5398.11 ásamt 5% ársvöxtum af kr. 5316.45 frá 10. marz 1943 til greiðsludags, en vaxta hefur ekki verið krafizt af undirmatskostnaðinum, kr. 81.64, er stefnandi hefur innt af hendi.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að stefndur greiði stefnandanum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 600.00.

Árni Tryggvason settur borgardómari hefur kveðið upp dóm þenna.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Elias Hannesson, greiði stefnandanum, Jóni V. Jónssyni, kr. 5398.11 með 5% ársvöxtum af kr. 5316.45 frá 10. marz 1943 til greiðsludags og kr. 600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. janúar 1945.

Nr. 16/1944. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)  
gegn

**Vilberg Sigurjóni Hermannssyni**  
(Ólafur Þorgrímsson).

Kært fyrir brot á verðlagsákvæðum.

**Dómur hæstaréttar.**

Í máli þessu hefur Múrarafélag Reykjavíkur, sem er stéttarfélag múrarasveina, samið við tiltekinn vinnukaup-

anda um ákveðna mürsmíði samkvæmt verkkaup-taxta, er félagið hefur áður sett. Orðið stéttarfélag í lögum nr. 80/1938 tákna einungis félagsskap vinnuseljanda sbr. einkum 1., 5., 6., 9. og 10. gr. þeirra laga og athugasemdir um 1. gr. frumvarps þeirra, sjá Alpt. 1938 A bls. 354. Verður að ætla, að orðið stéttarfélag merki hið sama í niðurlagi 1. gr. laga nr. 3/1943, en af því leiðir aftur, að ákvæði greinarinnar um afskipti verðlagsyfirvalda taka ekki yfir samning þann, er í máli þessu greinir. Ber því með þessari athugasemd að staðfesta héraðsdóm.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á rikissjóð, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr rikissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna, Kristjáns Guðlaugssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 23. október 1943.

Ár 1943, laugardaginn 23. október, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í Pósthússtræti 3 af fulltrúa sakadómará, Einari Arnalds, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2523/1943: Vald-stjórnin gegn Vilbergi Sigurjóni Hermannssyni, sem tekið var til dóms 9. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Vilbergi Sigurjóni Hermannssyni mürara, til heimilis Hávallagötu 7 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um verðlag nr. 3, 13. febrúar 1943, sbr. tilkynningu verðlagsstjóra frá 28. júlí 1943 um lækkun á grunn-taxta mürara fyrir ákvæðisvinnu.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1930  $\frac{1}{10}$  Sætt, 10 kr. sekt fyrir að tvimenna á reiðhjóli.

1931  $\frac{1}{7}$  Sætt, 10 kr. sekt fyrir brot á umferðarreglum.

1940  $\frac{1}{2}$  Undir rannsókn út af ökuóhappi. Ekki talin ástæða til málssóknar.

1941 ¼ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 200 kr. sekt fyrir brot á 1. gr. bráðab.laga nr. 1 1941.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 28. júlí 1943 gaf verðlagsstjórinn út svo hljóðandi tilkynningu:

„Viðskiptaráðið hefur ákveðið, að núgildandi grunntaxti múra-  
ara fyrir ákvæðisvinnu (sbr. verðskrá Múrarafélags Reykjavíkur,  
dags. 22. marz, og auglýsingu félagsins, dags. 15. júlí 1943) skuli  
lækka sem hér segir:

Í múrvinnu utanhúss . . . . . um 30 %

Í múrvinnu innanhúss . . . . . — 20 —

Hinn lækkaði taxti felur í sér greiðslu fyrir handlöngun. Ef  
verksali leggur til handlöngun við grófhúðun, lækkar taxtinn enn  
um 20%, en við finhúðun, flislögn og aðra finvinnu um 5%.

Múrurum er óheimilt að taka hærri greiðslu fyrir ákvæðisvinnu  
en samkvæmt því, sem að ofan greinir.

Ákvæði tilkynningar þessarar koma til framkvæmda á alla  
vinnu, sem innt er af hendi frá og með 3. ágúst 1943.“

Pegar tilkynning þessi gekk í gildi, var kærði að vinna við  
múrhúðun á húsinu nr. 33 við Laugaveg og vann það í ákvæðis-  
vinnu. Lagði hann þá niður vinnu þessa, þótt verkinu væri ekki  
lokið. Ástæðan til þess var sú, að kærði var félagsmaður í Mú-  
rarafélagi Reykjavíkur og almennt samkomulag var í félaginu að  
vinna ekki eftir þeim taxa, er ákveðinn var í fyrrgreindri til-  
kynningu verðlagsstjóra.

Þann 28. ágúst var á félagsfundi Múrarafélags Reykjavíkur sam-  
þykktur taxti um kaup fyrir ákvæðisvinnu. Á sama fundi var sam-  
þykkt að hækka grunntimakaup úr kr. 3.00 pr. klst. í kr. 3.35, en  
opinber auglýsing um þessa hækkun á timakaupi hefur ekki verið  
gefin út, heldur hefur vinnukaupendum verið tilkynnt þetta í  
hvert sinn og samningar um múrvinnu hafa verið gerðir.

Hinn 31. ágúst hóf kærði aftur múrhúðun á húsinu nr. 33 við  
Laugaveg, þar sem vinnukaupandinn hafði þá gert samning við  
Múrarafélag Reykjavíkur um, að vinnulaunin fyrir verk það, er  
eftir var að inna af hendi, skyldi reiknað út og greitt samkvæmt  
ákvæðisvinnusamþykkt Múrarafélags Reykjavíkur frá 28. ágúst  
1943. Lauk kærði við verk þetta þann 9. eða 10. september s. l. Lét  
hann mæla verkið upp, og eru vinnulaunin þar reiknuð út sam-  
kvæmt ákvæðisvinnusamþykkt Múrarafélags Reykjavíkur frá 28.  
ágúst 1943 fyrir verk það, er kærði innti af hendi eftir 31. ágúst.  
Kveðst kærði ekki enn hafa innheimt kröfu þessa, en ætla að  
gera það.

Kærði hefur viðurkennt, að honum hafi verið ljóst, að taxtinn  
samkvæmt ákvæðisvinnusamþykkt Múrarafélags Reykjavíkur frá  
28. ágúst 1943 sé hærri en taxti sá, er verðlagsstjóri auglýsti þann  
28. júlí. Reiknað hefur verið út, hvað verk það, er kærði innti af

hendi eftir 31. ágúst s. l., mætti kosta samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra frá 28. júlí, og samkvæmt þeim útreikningi, sem kærði hefur viðurkennt að væri réttur, hefur kærði áskilið sér kr. 523.06 hærri laun fyrir verkið en tilkynningin heimilar. Hins vegar heldur kærði því fram, að hann hafi ekkert af sér brotið, þar sem verðlagsstjóra og viðskiptaráð skorti heimild til að ákveða hámarksverð á ákvæðisvinnu.

Í 1. gr. laga um verðlag nr. 3 13. febrúar 1943 er svo ákveðið, að valdsvið viðskiptaráðs til að ákveða hámarksverð nái ekki til launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага.

Múrarafélag Reykjavíkur er stéttarfélag múrarasveina í Reykjavík. Var samningurinn um múrvinnu við húsið nr. 33 við Laugaveg gerður milli þess og vinnukaupandans, en ekki við kærðan. Jafnframt gerði Múrarafélag Reykjavíkur sams konar samning við ýmsa aðra einstaklinga, sem þurftu að láta inna af hendi múrvinnu, og var það ákveðið, að vinnulaun fyrir ákvæðisvinnu skyldu greidd samkvæmt ákvæðisvinnusamþykkt félagsins frá 28. ágúst 1943. Hefur nú slíkur samningur verið gerður við 34 einstaklinga og við Múrarafélag Reykjavíkur.

Hér er því frá upphafi um kollektivan samning að ræða. Í samningi þessum er eigi samið um annað eða meira en greiðslur fyrir unnin verk, þ. e. a. s. múrararnir leggja eingöngu til vinnu sína, en ekki efni, handlöngun o. s. frv., en eigi skiptir hér máli, hvort laun fyrir verk eru miðuð við vinnustundir eða við ákveðin afköst, og þar sem viðskiptaráð brestur heimild til að ákveða laun fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarféлага, verður að sýkna kærðan af kærðu valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum málalokum ber að greiða allan sakarkostnað úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærðs, Ólafs Þorgrímssonar hrl., kr. 350.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærði, Vilberg Sigurjón Hermannsson, á að vera sýkn af kærðu valdstjórnarinnar í máli þessu. Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda kærðs, hrl. Ólafs Þorgrímssonar, kr. 350.00.